

## **20. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 25. janúar 2011, kl. 14:30.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerðir:**

- a) **Stjórnar SSNV frá 11. janúar 2011**
  - b) **Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. janúar 2011**
  - 2. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 17. janúar 2011**
  - 3. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnarráðuneytinu frá 17. janúar 2011**
  - 4. 2011**
  - 5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 14. janúar 2011**
  - 6. Sorpmál**
  - 7. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

#### **1. Fundargerðir:**

- a) **Stjórnar SSNV frá 11. janúar 2011**  
*Lögð fram til kynningar*
- b) **Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 11. janúar 2011**  
*Lögð fram til kynningar*

#### **2. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 17. janúar 2011**

*Skipulagsstofnun telur að Stefán Árnason byggingafræðingur uppfylli skilyrði sem gerð eru til skipulagsfulltrúa og verður hann færður á lista Skipulagsstofnunar yfir skipulagsfulltrúa.*

*Lagt fram til kynningar.*

#### **3. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnarráðuneytinu frá 17. janúar 2011**

*Ráðuneytið áformar að takmarka veiðar með dragnót úti fyrir Ströndum. Þessi aðgerð sem boðuð er byggir á því að fylgja áfram þeirri stefnu ráðherra að vernda grunnslóð, víkur og firði fyrir togveiðum.*

Lagt fram til kynningar.

#### **4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 14. janúar 2011**

Hinn 1. janúar sl. tóku gildi ný mannvirkjalög. Samkvæmt þeim er ekkert því til fyrirstöðu að byggingarnefnd (eða skipulags-og byggingarnefnd) eigi ekki beina aðkomu að afgreiðslu stjórnsýslumála heldur hafi nefndin fyrst og fremst eftirlitshlutverk gagnvart störfum byggingarfulltrúa og sé eftir atvikum til ráðgjafar fyrir byggingarfulltrúa og sveitarstjórn í stærri málum og um almenna stefnumótun í málaflokknum í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt er engin skylda til þess að byggingarnefnd sé starfandi.

Lagt fram til kynningar.

#### **5. Sorpmál**

Forstöðumaður tæknideildar mætti undir þessum lið og gerði grein fyrir tillögum að breytingum á innheimtu sorpeyðingargjalda rekstraraðila.

Bæjarráð samþykkir að hætta innheimtu sorpeyðingargjalda rekstraraðila með álagningu fasteignagjalda og taka upp gjaldskrá í móttöku-og endurvinnslustöð Blönduósbæjar. Breyting tekur gildi 1. febrúar 2011.

Forstöðumaður tæknideildar yfirgefur fundinn.

#### **6. Önnur mál**

##### **a) Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Borist hefur samþykki Menntasviðs Reykjavíkur við umsókn nemenda með lögheimili í Reykjavík, að hann fái að stunda nám í Grunnskóla Blönduós vorönn skólaárið 2010-2011.

Bæjarráð samþykkir erindið með þeim fyrirvara að komi til viðbótarkostnaðar vegna skólavistar nemendans greiði Reykjavíkurborg þann kostnað.

##### **b) Lántaka**

„Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 95.000.000 kr. til 13 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við

*sundlaug sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósbæjar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari."*

*Skilmálarnir eru lán til 2024 og lánskjör 4,35%.*

**c) Atvinnumál**

*Umræður urðu á lausnum á förgun lífræns úrgangs í héraði. Jafnframt var rætt um fyrirhugað gagnaver á Blönduósi. Óskað eftir að fá Svein Óskar á fund bæjarráðs.*

**d) Sundlaugarskýrsla**

*Bæjarráð óskaði eftir upplýsingum hvenær vænta megi lokaskýrslu um sundlaugarframkvæmd. Fram kom að verið væri að leggja lokahönd á skýrsluna.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 17:15*

*Kári kárason (sign.)  
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*